

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á  
kynningarfundum um fyrstu niðurstöður rannsóknaverkefnisins *Áfallasaga  
kvenna***

**Haldið í húsi Íslenskrar erfðagreiningar föstudaginn 8. mars 2018 kl.  
12.00**

Forsætisráðherra, kæru fundargestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þennan kynningarfund á fyrstu niðurstöðum í hinni viðamiklu rannsókn Háskóla Íslands *Áfallasaga kvenna*. Það er sannarlega vel við hæfi að halda þennan fund á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Ég óska ykkur öllum og okkur öllum innilega til hamingju með daginn.

Rannsóknina leiða þær Unnur Anna Valdimarsdóttir og Arna Hauksdóttir, prófessorar í lýðheilsuvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands, en þær hafa um árabil ásamt samstarfsfólki sínu helgað sig rannsóknum á áhrifum áfalla á heilsufar kvenna. Þessi rannsókn er nokkurs konar framhald á því enda er ætlunin að rannsaka tíðni áfalla meðal íslenskra kvenna, mismunandi áhrif þeirra á heilsu kvenna og hvernig erfðaþættir koma þar við sögu.

Rannsóknarefnið er sannarlega mikilvægt enda hefur samfélagsumræða síðustu ára og missera, m.a. í tengslum við #meetoo byltinguna, opnað augu æ fleira fólks fyrir því hvernig konur hafa sætt ýmiss konar, mismunun, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni á ýmsum sviðum samfélagsins, oft með miklum heilsufarslegum afleiðingum. Styrkur rannsóknarinnar felst ekki aðeins í því að varpa ljósi á umfang þessarar meinsemdar í okkar samfélagi heldur einnig á áhrif ýmiss konar annarra áfalla eins og framhjáhalds, höfnunar af einhverju tagi og erfiðrar fæðingarreynslu sem einnig geta sett varanlegt mark á líf kvenna.

Rannsóknin, sem hófst fyrir réttu ári, er ein sú stærsta sinnar tegundar sem ráðist hefur verið í á heimsvísu og til marks um mikilvægi hennar í alþjóðlegu vísindasamfélagi þá hlutu aðstandendur rannsóknarinnar afar veglegan styrk í mjög harðri samkeppni um rannsóknarfé á vegum Evrópska rannsóknaráðsins. Rannsóknin hefur einnig hlotið styrk hér innan lands frá Rannsóknasjóði Íslands og fleiri sjóðum. Styrkur rannsóknarinnar felst ekki

síður í öflugri samvinnu við einn nánasta samstarfsaðila Háskólans, Íslenska erfðagreiningu, sem hefur á að skipa einvala liði vísindamanna með afar mikla reynslu af rannsóknum á áhrifum erfðabátta á heilsufar.

Frá því að rannsóknaverkefninu *Áfallasaga kvenna* var ýtt úr vör fyrir réttu ári hafa um 30 þúsund konur lagt rannsókninni lið með því að svara spurningalista tengdum rannsókninni. Það er afar gleðilegt að svo stór hópur leggi sitt af mörkum til rannsóknarinnar en ég tel mig jafnframt vita að aðstandendur hennar vilja gjarnan fá fleiri íslenskar konur til þátttöku enda mun það efla vísindalegt gildi rannsóknarinnar. Með enn betri þátttöku fæst enn skýrari mynd af áhrifum áfalla á andlega og líkamlega heilsu kvenna og um leið verður auðveldara að þróa bæði forvarnaúrræði og ekki síður meðferðaúrræði fyrir þær konur sem glíma við heilsubrest vegna áfalla. Hvert einasta svar skiptir máli.

Ég eins og fleiri er spenntur að heyra hér á eftir hvað fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós og ég óska Unnni, Örnun og samstarfsfólki áframhaldandi góðs gengis með rannsókunina.

Aðstandendur rannsóknarinnar um *Áfallasögu kvenna* hafa notið liðsinnis öflugs hóps kvenna til að vekja athygli á rannsókninni. Ein þeirra er Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og ég býð hana velkomna í pontu.

Takk fyrir.